

Reglugerð um (1.) breytingu á reglugerð um menntun, réttindi og skyldur sjúkrabjálfa og skilyrði til að hljóta starfsleyfi og sérfræðileyfi, nr. 1127/2012.

1. gr.

1. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Leyfi skv. 2. gr. má veita þeim sem lokið hafa MS-prófi í sjúkrabjálfun frá námsbraut í sjúkrabjálfun frá læknadeild heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands.

2. gr.

1. málsl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Sérfræðileyfi má veita á klínískum sérsviðum sjúkrabjálfunar skv. 7. gr.

3. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Til að sjúkrabjálfi geti átt rétt á að hljóta sérfræðileyfi skv. 5. gr. skal hann uppfylla eftirtaldar kröfur:

1. hafa starfsleyfi sem sjúkrabjálfi hér á landi skv. 2. gr. og
2. hafa lokið að lágmarki 90 ECTS meistaraþrófi (MS) eða doktorsþrófi (PhD) á viðurkenndu sérsviði innan sjúkrabjálfunar frá viðurkenndum háskóla eða hafa sambærilega menntun og
3. hafa starfað sem sjúkrabjálfi að loknu prófi skv. 2. tölul. sem svarar til að minnsta kosti tveggja ára í fullu starfi á því sérsviði sem umsókn hans um sérfræðileyfi tekur til. Einnig þarf að sýna fram á að viðkomandi hafi hlotið handleiðslu hjá sjúkrabjálfa með sérfræðileyfi á viðkomandi sérsviði og/eða starfað innan teymis með sérfræðingum á sviðinu. Sé starfshlutfall lægra lengist starfstíminn sem því nemur.

3. gr.

Við reglugerðina bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði 1. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar gildir ekki um þá sem hófu fjögurra ára BS-nám í sjúkrabjálfun á námsbraut í sjúkrabjálfun frá læknadeild heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands fyrir haustið 2014.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 5., 8., 30. og 31. gr. laga um heilbrigðisstarfsmenn, nr. 34/2012, öðlast gildi 1. janúar 2019.

Velferðarráðuneytinu, 27. október 2016.

Kristján Þór Júlíusson
heilbrigðisráðherra.

Margrét Björnsdóttir.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.